

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Jónsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 17. desember 2015  
Tilvísun:201510013 /3.2

---

## Efni: Iðnaðarsvæði við Þorlákshöfn, breytingar

---

Sveitarfélagið Ölfus hefur, með erindi dags. 30. nóvember 2015 og gögnum móttæknum 9. desember 2015 sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn þann 26. nóvember 2015.

Skipulagstillagan samanstendur af eftirfarandi gögnum: Sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:50.000 og þéttbýlisuppdrætti í mkv. 10.000 á sama blaði, dags. 2. desember 2015 og greinargerð dags. 25. nóvember 2015. Engar umsagnir bárust með erindinu.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar er sexþætt og tekur til kafla 3.2.3 og 4.3.4 í greinargerð, þéttbýlis- og dreifbýlisuppdráttar: a) Iðnaðarsvæði fyrir orkufrekan iðnað I21 (250 ha) og fyrir matvælaíðnað I22 (50 ha) vestan Þorlákshafnar eru lögð af. b) Breytt er afmörkun iðnaðarsvæðis I20 og það minnkað úr 220 ha í 120 ha fyrir orkufrekan en hreinlegan iðnað. c) Skilgreint er nýtt 150 ha svæði fyrir matvælaíðnað I24 norðan Suðurstrandarveggar til móts við svæði I23. Starfsemi á svæði I24 getur verið lyktarmengandi. d) Iðnaðarsvæði I23 í Keflavík er stækkað úr 11 ha í 85 ha fyrir fiskeldi og tengda starfsemi. e) Iðnaðarsvæði I3 við Laxabraut innan þéttbýlis er stækkað til vesturs úr 10 ha í 60,4 ha og verður samhangandi við svæði I23. f) Svæði I2 fyrir fiskeldi innan Þorlákshafnar er einnig stækkað bæði til austurs og vesturs úr 4,5 ha í 7,2 ha. Við breytingarnar dragast iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar saman og fara úr 520 ha í 355 ha.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

- Fram kemur í kafla 2.1.1 í greinargerð að Hafnarnes sunnan byggðar í Þorlákshöfn er á náttúruminjaskrá. Í kafla 3.2.1 segir að samhliða stækkun svæðis I2 sé breytt afmörkun svæði 757 á náttúruminjaskrá austan svæðisins. Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn getur ekki breytt mörkum svæða á náttúruminjaskrá. Áður en hægt er að auglýsa tillöguna þarf að hafa samráð við Umhverfisstofnun um stækkun iðnaðarsvæðisins inn á svæði á náttúruminjaskrá.
- Vegna útfærslu á I23 á uppdrætti og í greinargerð er minnt á aðalskipulagsbreytingu sem staðfest var 22. október 2015, vegna reiðleiðar í Bolöldum og iðnaðarsvæða I3 og I23.
- Í töflum yfir iðnaðarsvæði í dreifbýli bæði fyrir og eftir breytingu þarf að lagfæra umfjöllun um svæði I14 Hafnarsandur, þar sem svæðið hefur verið minnkað úr 65 ha í 12 ha, sbr. breytingu á aðalskipulagi sem staðfest var 27. júní 2014.

- Jafnframt þarf að lagfæra í þessum sömu töflum umfjöllun um svæðin I1 og I18 fyrir og eftir breytingu vegna tengingar iðnaðarsvæða Hverahlíðarvirkjunar og Hellisheiðarvirkjunar, sbr. breytingu á aðalskipulagi sem einnig var staðfest 27. júní 2014.
- Minnt er á að hafa þarf samráð við Minjastofnun Íslands vegna varðaðrar þjóðleiðar milli Þorlákshafnar og Selvogs, sem liggur um iðnaðarsvæðin I3 og I23. Einnig þarf að hafa samráð við Vegagerðina vegna tengingar I24 við Suðurstrandarveg og sýna tenginguna á uppdrætti.
- Umfjöllun um áhrif breytingartillögunnar mætti að mati stofnunarinnar vera ítarlegri hvað varða hugsanleg áhrif á umhverfi og samfélag, s.s. náttúruverndarsvæði, atvinnumál, lýðheilsu/öryggi og samgöngur. Hvaða áhrif hefur það t.d. á reið-, göngu- og þjóðleið og notendur þeirra að leiðirnar verða innan iðnaðarsvæða? Hefur sú umferð einhver áhrif á nýtingu iðnaðarsvæðanna? Hver er áætluð aukning á bílaumferð um Suðurstrandarveg vegna skipulagsbreytingarinnar, hvert er fyrirhugað umfang uppbyggingar og áætluð fjölgun starfa í sveitarfélaginu? Fjalla þarf um áhrifin í samhengi við aðstæður á svæðinu og umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda. Fella ætti niður töfluna í kafla 4.1 þar sem þar eru tilgreind lög en engar áætlanir.
- Í kaflanum Inngangi og/eða Aðdraganda ætti að telja upp allar þær breytingar sem verið er að gera á aðalskipulaginu samkvæmt þessari tillögu, t.d. líka I24 og I2.
- Í kafla 3.2.1 í greinargerðinni er vísað til kafla 3.2.1 í gildandi aðalskipulagi. Fella þarf út þessa tilvísun þar sem hún á ekki við.
- Á bls. 3 er vísað til töflu 1 um íbúapróun sem ekki er að finna í greinargerðinni. Þar er hins vegar mynd 2-1 sem sýnir íbúapróunina. Fella þarf út tilvísunina.
- Innsendur breytingaruppdráttur var ekki í uppgefnum mælikvarða. Minnt er á að auglýst tillaga þarf að hanga uppi í réttum mælikvarða.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hefur verið tillit til framangreindra athugasemda. Að öðrum kosti ber sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingatíma. Í auglýsingu skipulagstillögunnar skal þá koma fram að tillagan liggja frammi ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar við hana. Jafnframt er minnt á að kynna þarf tillögu fyrir almenningi áður en hún er auglýst, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

  
Guðrún Halla Gunnarsdóttir